



Fréttabréf Brekkuskóla

4. nóvember 2011
1. tbl. skólaárið 2011 - 2012
Ábyrgðarmaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Haustið hefur farið vel af stað hér í skólanum. Starfið á haustdögum hófst með endurmenntun starfsmanna og viðtölum við foreldra og nemendur samkvæmt venju. Leiðsagnarmat í Mentor var nýtt til að undirbúa samtalið þar sem nemendur og foreldrar skráðu inn upplýsingar og lágu þær til grundvallar samtalinu. Mat á miðri önn á unglíngastigi fer fram með sama hætti þessa dagana og í kjölfarið fara fram nemendaviðtöl þar sem nemendur ræða einslega við umsjónarkennara um námið og líðan í skólanum. Framundan er leiðsagnarmat á yngsta og miðstigi sem fer fram með sama hætti og á unglíngastigi.

Nýir nemendur og foreldrar eru boðnir velkomnir til samstarfs hér í Brekkuskóla en skólinn leggur ríka áherslu á að gott samstarf ríki milli heimilis og skóla. Nemendum fjölgaði þó nokkuð og eru nú 475 talsins, 244 drengir og 231 stúlka. Minnsti árgangurinn telur 37 nemendur og sá stærsti 54 nemendur.

Nýir starfsmenn komu til liðs við okkur í haust. Það eru Rósa Mjöll Heimisdóttir sem við höfum kosið að titla sem einhverfukennara. Hún aðstoðar kennara við skipulagningu vegna einhverfra nemenda og nemenda með hegðunarvanda. Jón Eymundur Berg skólaliði fylgir yngri nemendum m.a. í íþróttatíma en er staðsettur að mestu á efsta gangi. Hólmfríður Stefánsdóttir skólaliði er á neðsta gangi, Soffía Tryggvadóttir skólaliði starfar í Fristund og Fjóla Dögg Gunnarsdóttir kennir dönsku í 9. og 10. bekk. Fjóla er einnig umsjónarkennari í 10. FDG.

Morgunmóttökur fara fram í nóvember og desemberen þá gefst foreldrum kostur á að koma í skólann og fá sér kaffisopa og brauðbollu með barni sínu. Að þessu sinni munu umsjónarkennarar nýta tækifærið og kynna sáttmála bekkja og árganga ásamt því að bjóða foreldrum að spreyta sig á greiningu þarfa. Foreldrar eru alltaf velkomnir að koma hvenær sem er og fylgjast með skólastarfinu og fylgja barni sínu eftir í kennslustundir.

- Sjáumst í skólanum! -

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólalastjóri

Uppbyggingarstefnan - Stutt inngríp

Við nýtum stutt inngríp með því að spyrja börnin eftirarandi spurninga þegar við á:



- Nýtir þú tímann vel?
- Hvað áttu að vera að gera núna?
- Er í lagi með það sem þú ert að gera núna?
- Get ég hjálpað þér?
- Hvenær ertu tilbúin(-n) að byrja?
- Hver er reglan?
- Heldur þú að til sé betri leið?
- Heldur þú að þú græðir eitthvað á þessu?

Framundan...

4. nóvember
Mati á miðri önn lýkur hjá unglíngastigi

Nemendaviðtöl
Nemendaviðtöl á unglíngastigi fara fram á skólatíma í nóvember.

8. nóvember
Morgunmóttaka í 1. bekk

15. nóvember
Morgunmóttaka í 2. bekk

16. nóvember
Dagur íslenskrar tungu

22. nóvember
Morgunmóttaka í 3. bekk

23. nóvember
Morgunmóttaka hjá 4. bekk

25. nóvember
Leiðsagnarmat hjá yngsta og miðstigi lýkur

Nemendaviðtöl
Nemendaviðtöl á yngsta og miðstigi fara fram á skólatíma í lok nóvember og byrjun desember

5. desember
Morgunmóttaka hjá 6. bekk

7. desember
Morgunmóttaka hjá 5. bekk

12. desember
Morgunmóttaka hjá 7. bekk

16. desember
Söngsalur

19. desember
Pemdagur

20. desember
Litlu jólin

Brekkuskóli

v/Skólástíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskolii.is
brekkuskoli@akureyri.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir



Mikilvægt að merkja fötin

Af gefnu tilefni vill starfsfólk Brekkuskóla minna foreldra á að merkja fatnað og aðrar eigur nemenda sem þeir hafa með sér í skólann. Með því móti er líklegra að eigur þeirra komist til skila í réttar hendur.

Klæðnaður eftir veðri

Þegar kólnar í veðri þarf að gera ráð fyrir hlýrri fatnaði til útivistar. Alltaf er gott að hafa auka sokkar og hlífðarbuxur í skólatöskunni.



Nemendur í heimilisfræðivali sjóða sultu

Stjórn foreldrafélagsins

Ný stjórn Foreldrafélags Brekkuskóla var kosin á aðalfundi nú í haust. Stjórnina skipa:

Jóhann Gunnarsson - formaður JoeGun16@gmail.com

Hafdís Bjarnadóttir - varaformaður hafdisb@akmennt.is

Sigumundur Kr. Magnússon - gjaldkeri sigmundur@heimavist.is

Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir - meðstjórnandi fridbjorgj@simnet.is

Agla María Jósépsdóttir - meðstjórnandi agla82@visir.is

Þórunn Garðarsdóttir - meðstjórnandi tgardarsdottir@deloitte.is

Bergljót Þrastardóttir - meðstjórnandi bergljot@jafnretti.is

Ragnheiður Runólfsdóttir - meðstjórnandi yfirthjalfari@odinn.is

Magni Rúnar Magnússon - meðstjórnandi mrm@internet.is

Heiðrún Jóhannsdóttir - meðstjórnandi heidrunjohanns@gmail.com

Þórarinn Stefánsson - meðstjórnandi tstef@simnet.is

Upplýsingar um starfsemi félagsins og fundargerðir má finna á www.brekkuskoli.is/foreldrafelag

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir



Hegðun eftir litum

Í Brekkuskóla ræðum við gjarnan við nemendur um hegðun eftir litum. Hugmyndin er fengin úr svokölluðum Cat-kassa, en fellur mjög vel að Olweusaráætlun og Uppbyggingarstefnunni. Í Brekkuskóla stefnum við öll að því að sýna græna hegðun.

Rauður

Vill fá að ráða. Hugsar oft bara um sjálfan sig. Rauður er árásargjarn, lemur, ógnar, uppnefnir og hræðir. Rauður grípur gjarnan fram í, hrópar og hlustar ekki. Rauður er gjarnan æstur og er með reiðilegt augnaráð og viðhefur ljótt orðbragð. Rauður notar orð eins og: Mömmustrákur, hræðslupúki, asni, aumingi.

Gulur

Hugsar helst um það hvað best er fyrir hann sjálfan og vill setja reglurnar sjálfur. Gulur er óruggur með sig. Gulur stríðir og hæðist að öðrum, talar illa um aðra, baktalar og slúðrar. Gulur truflar leiki og kennslu. Gulur á það til að leggja í einelti, tala niður til fólks. Gulur svíkur gjarnan loforð sín og notar ljótt orðbragð. Gulur notar orð eins og: Þú ert asni. Heldur þú að einhver nenni að hlusta á þig? Á þetta að vera fyndið? Finnst þér peysan þin flott?

Grár

Finnst hann ómögulegur og veit ekki hvað hann vill. Lætur aðra ráða yfir sér og vill að öllum líki við sig. Grár tekur þátt í að leggja aðra í einelti, hjálpar ekki vinum sínum og fer í burtu ef eitthvað kemur upp á. Grár talar lágt, talar illa um sjálfan sig og horfir gjarnan niður þegar hann talar. Grár notar orð eins og: Fyrirgefðu. Ég vildi að ég væri eins og þú. Þetta er ekki mér að kenna.

Grænn

Er sáttur við sjálfan sig og þorir að vera hann sjálfur. Grænn tekur tillit til annarra og finnst hann eiga rétt á að vera öðruvísi en aðrir. Grænn veit að hann er góður í ýmsu og minna góður í öðru. Grænn þorir að segja meiningu sína og sýna tilfinningar. Grænn skiptir sér af og hjálpar þegar hann sér aðra lagða í einelti. Grænn reynir að vera heiðarlegur og standa við loforð. Þorir að viðurkenna mistök sín og biðja aðra um hjálp. Grænn hlustar á aðra, sýnir virðingu og reynir að leysa málin og semja. Grænn notar orð eins og: Mér finnst...Hvað finnst þér? Mig langar að ... Hvað langar þig?

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir


Samstarf leik- og grunnskóla

Eftir fyrsta fund skólaársins þar sem fulltrúar frá Hólmasól og Brekkuskóla komu saman var ákveðið að nemendur í 1. bekk fari í heimsókn á Hólmasól miðvikudaginn 9. nóvember. Á sama fundi voru skipulagðar heimsóknir 5 ára barna frá leikskólum í Brekkuskóla eftir áramót. Það verður nánar auglýst síðar. Boð um heimsókn verður sent í alla leikskóla bæjarins. Þeir 5 ára leikskólanemendur sem ekki eru á Hólmasól koma í heimsókn í fylgd með foreldrum sínum. Foreldrar af sama leikskóla hafa þá gjarnan skipt með sér verkum.



Comenius


Af Comeniusarverkefninu er það að fréttu að nemendur fengu tækifæri til að taka þátt í hönnunar- og teiknisamkeppni um forsiðu á hefti sem samstarfshópurinn ætlar að gefa út í þeim átta löndum sem eru í samstarfsverkefninu. Verkefnið gengur út á að efla hreyfingu og bæta lífsstíl. Takmarkið er að til samans hreyfi hópurinn sig samtals 40.000 km. Helena Sigurðardóttir kennari mun fer til Guadeloupe 4. nóv. 2011 þar sem kennarar ætla að hittast með verkefni frá nemendum og vinna að framhaldi verkefnisins. Hægt er að fylgjast með gangi mála á www.sportsbeyondborders.co.uk/index.htm



Sáttmáli bekkja og árganga

- Sáttmálar fela í sér ákveðin gildi sem nemendur koma sér saman um að viðhöfð eru í bekknum.
- Sáttmálinn vísar til þess að nemandinn hafi innri stjórn og sjálfsaga til að halda sáttmálann.
- Sáttmáli styrkir sjálfmyndina og nemendur setja sjálfir viðmiðin um hvað æskileg hegðun er.
- Að gera sáttmála með nemendum tekur tíma, en ferlið er ekki síður mikilvægt en útkoman.
- Afraksturinn er gjarnan settur upp í myndrænt form.
- Ef nemandi verður á tekur hann sjálfur þátt í að ákveða hvernig skuli bæta fyrir.
- Áherslan er á lausn og horft er til framtíðar.

Nemendur og kennarar Brekkuskóla stefna að því að kynna sáttmála bekkja og árganga í morgunmóttökum í nóvember og desember.



Hafragrautur borinn fram alla daga!

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir